# Upplýsingar til foreldra barna í 1.-4.bekk.

## Hér koma nokkrar upplýsingar sem þið þurfið að vita varðandi Selið.

Selið á Hvanneyri er í húsnæði GBF á Hvanneyri fyrir nemendur í 1.-4. bekk.

Til þess að sækja um í Selinu þurfið þið að fylla út eyðublað sem finnst inn á íbúagátt Borgarbyggðar. www.borgarbyggd.is. Nánari leiðbeiningar fylgja hér fyrir neðan.

Opnunartími Selsins er eftirfarandi.

| | |
|---|---|
| Mán | 13:30-16:00 |
| Þri | 14:30-16:00 |
| Mið | 13:30-16:00 |
| Fim | 13:30-16:00 |
| Fös | 12:30-16:00 |

Verðskrá : Klukkutími í Seli kostar 256 krónur og nesti er á 123 krónur.

Ef þið ætlið að skrá börnin úr Seli þarf það að gerast fyrir tuttugasta í hverjum mánuði og tekur það gildi mánaðarmótin á eftir. Slíkar upplýsingar þurfa að berast á netfangið siggadora@umsb.is

Soffía og Naomi eru starfsmenn Selsins, á skólasetningunni ætla þær að taka á móti ykkur í Selinu og sýna ykkur hvað þær eru að gera með krökkunum dags daglega og svara öllum þeim spurningum sem koma upp.

Símanúmerið í Seli er 433-7315.

## Hér koma upplýsingar um íþróttir og aðrar tómstundir.

Til þess að sækja um í íþróttir og aðrar tómstundir fyrir barnið ykkar þurfið þið að fara inn á íbúagáttina og skrá ykkur þar inn, þið þurfið einnig að ráðstafa frístundarstyrknum sjálf þar inni. En hvert barn fær frístundarstyrk að upphæð 10.000 kr á önn frá Borgarbyggð. Hér fáið þið nánari upplýsingar: http://borgarbyggd.is/wp-content/uploads/2016/12/Fr%C3%ADstundastyrkur-lei%C3%B0beiningar.pdf

Ekki hika við að hafa samband ef þið hafið einhverjar spurningar. Kv Sigga Dóra, Tómstundafulltrúi. siggadora@umsb.is

Leiðbeiningar hvernig sækja skal um í Selinu.

1. https://innskraning.island.is/?id=ibuagatt.borgarbyggd.is
2. Skráið ykkur inn með rafrænum skilríkjum
3. 

4. 

5. Þarna fyllið þið út umsóknareyðublaðið, takið eftir að þessi umsókn er fyrir skólaárið 2017-2018. Ef þið viljið gera breytingar á skráningum barna þurfa breytingar að berast á siggadora@umsb.is fyrir tuttugasta í hverjum mánuði og taka þær breytingar gildi mánaðarmótin á eftir.
6. 

Þegar þið komið á þennan hluta þá skulu þið passa að skrá barnið ekki í Selið þegar það er í íþróttum eða öðrum tómstundum. Tökum dæmi: barnið ætlar að æfa Íþróttir hjá Unni á mánudögum, æfingin er frá 13:45-14:35, þá haka ég í fyrsta korterið í Seli, síðan ekkert meðan æfingin er. Ég vil að barnið komi aftur í Selið eftir að æfingu lýkur þá haka ég í boxin frá 14:45-16:00.
7. Klárið að fylla út eyðublaðið og ýtið á senda!

# Hvanneyri

| | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|---|---|
| **13:35-14:15** | | | Hóptími í tónlist, 1.-4. bekkur | | |
| **13:45-14:35** | Íþróttir og leikir, 1.-4. bekkur | | | | |
| **14:45-15:20** | | Jóga fyrir 1.-5. bekk | | | |
| **14:55-15:45** | | | | Íþróttir og leikir, 1.-4. bekkur | |
| | | | | | |
| | **Tómstundabíll kl. 14:10** | **Tómstundabíll kl 15:40** | **Tómstundabíll kl 15:40** | **Tómstundabíll kl 15:40** | **Tómstundabíll kl. 14:10** |
| | | | | | |

Unnur Jónsdóttir íþróttakennari, kemur 2x í viku á Hvanneyri með æfingar fyrir 1.-4. bekk.
Hún leggur áherslu á að kynna sem flestar íþróttagreinar fyrir þeim sem skrá sig.
Hægt er að velja um það að æfa 1x eða 2x í viku.
Æfingarnar byrja 4.september.
Skráning fer fram í gegnum íbúagáttina.

Margrét Ástrós verður með 6.vikna jóganámskeið fyrir 1.-5. bekk á Hvanneyri.
Námskeiðið hefst 29.ágúst og síðasti tíminn verður 3. október.
Skráning fer fram í gegnum íbúagáttina.

Tónlistarskóli Borgarfjarðar ætla að vera með hóptíma í tónlist fyrir 1.-4. bekk
Skráning fer fram í gegnum íbúagáttina.